

HÚSÖNDIN

8.tbl. 4.árg.
2. mars 2021

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 3.-9. MARS

3.3. Eva Humlová
4.3. Álfðís Sigurveig Stefánsdóttir, Ómar M. H. Zariok
Roman Czeslaw Kudziejewicz
7.3. Arna Þóra Ottósdóttir
8.3. Halldór Björke Helgason



Aðalfundur Mývetnings

Aðalfundur Mývetnings verður haldinn í Jarðböðunum (efri hæð) þann 11. mars næstkomandi.

Fundurinn byrjar klukkan 20:00. Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf.

Óskum eftir kraftmiklu fólki í stjórn og varastjórn til að taka þátt í skemmtilegu starfi í góðum félagsskap.

Sóttvarnaraðgerðum verður fylgt og passað upp á 2 metra regluna.

Endilega hafið samband á netfangið mynetningur@gmail.com eða á Facebook-síðu Mývetnings fyrir nánari upplýsingar.

Stjórn Mývetnings

JÓGA NIDRA & GONGSLÖKUN

með *Rósu Matt*
Einfaldlaðu líf þitt & fegraðu

JARÐBÖÐIN MÝVATNSSVEIT
7. MARS. - KL. 17:30-19:00

Jóga Nidra (djúpslökun) fyrir alla, unga sem aldna, konur og karla. Bara hafa getu til að halda ró, liggja kyrr og þiggja slökun og fylgja leiðbeiningum. Fjölskyldur og makar geta komið saman og legið þar nærri hvert öðru - dásamleg slökunarstund sameiningarstund. Vegna Covid, væri gott að iðkendur gætu komið með dýnu, teppi og púða. Komið einnig í þægilegum hlýjum fötum og sokkum. Við djúpa slökun þá kólnar líkaminn og nær mikilli endurnýjun. Slökun þarf að þjálfja jafnt og þrek, með endurtekningu næst betri, dýpri hvíld og næring. Komdu og leyfðu þér að upplífa. Ég hlakka til að njóta með ykkur.

Verð: Fullorðnir: 2000.-

Börn 16 ára og yngri: 500.-

Eldri borgarar: 1000.-

+ 50% afsláttur í Jarðböðin eftir slökunina.

Skráning: 779 0026

www.rosamatt.com - Hámsk./Viðburðir

email: rosamatt@gmail.com



með *Rósu Matt*
Einfaldlaðu líf þitt & fegraðu

AKRÍL-TÆKNI (POURING)

Mig langar svo að kynna fyrir þér þessa stórskemmtilegu "Að hella" (pouring) aðferð akríl lita. Efninu er helt á strigann, svo er því blásið eða það dregið til og látið vinna sjálft. Útkoman ávallt óvissa og ævintýri líkust. Allt efni innifalið, 2 strigar og litir.

Sun. 7. mars. kl. 13:00-15:30 Mývatn - Verð: 10.000.-

Skráning: www.rosamatt.com - 779 0026

email: rosamatt@gmail.com

Kór Reykjahlíðarkirkju boðar hér með til aðalfundar
þriðjudaginn 16. mars 2021 kl. 17:15 í Reykjahlíðarkirkju.

Dagskrá:

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Skýrsla stjórnar lögð fram

Reikningar lagðir fram til afgreiðslu

Breytingar á samþykktum

Ákvörðun félagsgjalds

Kosning stjórnar

Formaður stjórnar

Aðalmaður í stjórn (til tveggja ára)

Tveir varamenn í stjórn (til eins árs)

Önnur mál

Aðalfundur Kvenfélags Mývatnssveitar verður haldinn
þriðjudaginn 16 mars kl: 19:30 í Skjólbrekku.

Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál
Nýir félagar boðnir velkomnir
Kveðja
Stjórnin

GIFS- OG STEYPUNÁMSKEIÐ

LISTASMIÐJAN Á LAUGUM

Byrjar laugardaginn 13. mars.

Kennt annan hvern laugardag kl 9-13 í 5 skipti.

Námskeiðsdagar eru: 13/3, 27/3, 10/4, 24/4 og 8/5

Skráning á www.hac.is og hjá kennara,
anitakg@gmail.com

Skráningarfrestur er til 5. mars.

Verð: 49.000*

*Ýmsir fræðslusjóðir greiða námskeiðsgjaldið að fullu fyrir sína félagsmenn.
Við minnum fólk á að kanna rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi

Þátttakendur læra að búa til opin gifsmót. Opin gifsmót eru þau sem "opnast út" ef þú horfir á það á hlið þá er það mjórra að neðan og breiðara að ofan líkt og glas, skál, diskur. Farið verður yfir skreytingatækni og unnið með leirliti á nýsteypta hluti, sem eru svo glerjaðir í lok námskeiðs.

Innifalið, gifs fyrir 2-4 mót (fer eftir stærð, 2 stór eða 4 lítil), steypuleir (8l.), leirlitir og glerungur, brennsla.



Þekkingarnet
Þingeyinga

Menningarfélagið Gjallandi kunngjörir!
Aðalfundur félagsins fer fram miðvikudaginn
17. mars næstkomandi í Skjólbrekku.
Fundurinn hefst kl. 19:30



Dagskrá aðalfundar er þessi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar og endurskoðenda/ skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál

Menningarfélagið Gjallandi leitar af áhugasömu fólki til setu í stjórn en tilgangur félagsins er að efla menningarstarfsemi í Mývatnssveit.

Áhugasamir hafið samband við Davíð, sími 695-3121.

Stjórn Menningarfélagsins Gjallanda.

HLERAÐ OG HLUSTAÐ

Hádegisfundaröð URÐAR

URÐUR- tengslanet kvenna í Þingeyjarsýslu mun halda mánaðarlega hádegisfundi sem verður streymt á facebook félagsins. Fundirnir verða alltaf fyrsta föstudag í mánuði klukkan 12:00

Á hverjum fundi verður kona með innlegg og svo verður spjall í boði. Á næsta fundi þann 5. mars næstkomandi mun María Pálsdóttir mæta í streymi og segja okkur frá HÆLINU; frá hugmynd að veruleika.



Fylgist með á facebook síðu URÐUR- tengslanet kvenna

